27. janúar 2023

Tillaga frá bæjarfulltrúum S-lista.

Í júní 2022 kom út skýrsla sem unnin var á vegum Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri fyrir Vegagerðina sem ber heitið: ***Jarðgöng á áætlun - Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaþróun***

https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Jardgong_kostir_2022/$file/Jardgong-ardsemi_oryggi_tengingar_byggd-loka_juni_2022.pdf

Hér með leggja undirritaðir bæjarfulltrúar S-lista til að Svf. Árborg hafi frumkvæði af því að óska eftir sambærilegu mati frá skýrsluhöfundum á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaþróun vegna jarðganga undir Hellisheiði og gegnum Svínahraun hvort sem um er að ræða hefðbundin jarðgöng eða niðurgrafin vegskála samkvæmt svokallaðri Cut and Cover aðferð. Auk þess verði horft sérstaklega til nýtingu á jarðefnum frá framkvæmdinni til uppbyggingar á Þrengslavegi annars vegar og Ölfusvegi milli Hveragerðis og Þorlákshafnar hins vegar.

Arna Ír Gunnarsdóttir S-lista

Sigurjón Vídalín Guðmundsson S-lista